

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð nr. 88 13. maí 1947, til að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 16. maí 1978.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Haukur Jörundarson.*

## REGLUGERÐ

### fyrir Orkubú Vestfjarða.

#### I. KAFLI

#### Tilgangur og stjórn.

##### 1. gr.

Ríkissjóður Íslands og sveitarfélögin Geiradalshreppur, Gufudalshreppur, Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Suðurfjarðarhreppur, Kaldrananeshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Þingeyrarhreppur, Mýrarhreppur, Mosvallahreppur, Flateyjarhreppur, Suðureyjarhreppur, Bæjarhreppur, Óspakseyrarhreppur, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjafjarðarhreppur, Nauteyjarhreppur, Snæfjallahreppur, Árneshreppur, Fellshreppur, Ísafjarðarkaupstaður og Bolungarvíkurkaupstaður eiga og reka saman orkufyrirtæki, er nefnist Orkubú Vestfjarða.

Sveitarfélögin Reykhólahreppur, Múlahreppur, Flateyjarhreppur, Ketildalshreppur, Hrófbergshreppur og Auðkúluhreppur hafa rétt til að gerast aðilar að Orkubú Vestfjarða, og teljast þau stofnaðilar, ef þau ganga frá aðild sinni fyrir fyrsta aðalfund Orkubúsins.

##### 2. gr.

Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Heimili þess og varnarþing er á Ísafirði .

##### 3. gr.

Tilgangur fyrirtækisins skal vera að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum þar sem hagkvæmt þykir. Skal Orkubú Vestfjarða eiga og reka vatnsorkuver og dísilraforkustöðvar til raforkuframleiðslu ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar. Fyrirtækið skal eiga og reka jarðvarmavirki og nauðsynleg flutningskerfi og dreifikerfi fyrir heitt vatn. Skal fyrirtækið og eiga að reka fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegum dreifi-kerfi.

Fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því sem ákveðið er hverju sinni.

##### 4. gr.

Eignarhlutdeild sameigenda í fyrirtækinu skiptist þannig, að eignarhluti ríkissjóðs skal vera 40%, en eignarhlutir sveitarfélaganna skulu nema samtals 60%.

Eignarhlutdeild sveitarfélaganna skiptist innbyrðis í hlutfalli við íbúatölu þeirra.

Eignarhlutföllum verður ekki breytt nema til samræmis við íbúafjölda, sbr. 14. gr., og engum sameignarfélagum er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra sameigenda.

#### 5. gr.

Sameigendur fyrirtækisins bera einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin á sameigendur í réttu hlutfalli við eign þeirra í fyrirtækinu.

#### 6. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins og ríkisjóður, svo og orkuveitur sveitarfélaga á Vestfjörðum skulu afhenda Orkubúi Vestfjarða til eignar sem stofnframlag öll mannvirki sín á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarma-virkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi, enda yfirtaki fyrirtakið samkvæmt samkomulagi skuldir vegna mannvirkja þeirra, sem það tekur við.

#### 7. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur einkaleyfi til þeirrar starfsemi, sem Rafmagnsveitur ríkisins, Rafveita Patrekshrepps og Rafveita Ísafjarðar höfðu á Vestfjörðum.

#### 8. gr.

Stjórn Orkubús Vestfjarða skal skipuð 5 mönnum. Á aðalfundi skulu fulltrúar sveitarfélaganna kjósa 3 menn og jafnmarga til vara. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skulu skipa einn mann hvor og einn mann hvor til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Undirskrift meiri hluta stjórnar bindur félagið.

Stjórnin ákveður sjálf starfshætti sína og fundarhöld. Hún skal þó ekki hafa fundi sjaldnar en einu sinni í mánuði að jafnaði. Skytt er að halda fundi, þegar tveir stjórnarmenn eða einhver sameignaraðili óskar þess, og skal þá fundi halda innan viku frá því að ósk kom fram. Fundi skal boða með tryggilegum hætti.

Stjórnarfundur er löglegur, ef meirihluti stjórnar er mættur. Nú verður fundur ólögmætur vegna þess að eigi eru nægilega margir mættir og skal þá með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara boða fund að nýju með staðfestu símskeyti og halda hann innan 2ja vikna. Skal þess getið í fundarboði, að hann sé haldinn í stað þess fundar, er áður var boðaður og eigi varð lögmætur. Sá fundur er lögmætur um þau mál, er á dagskrá fyrri fundar voru, þótt meirihluti sæki eigi. Meirihluti atkvæða ræður, en séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Orkubústjóri skal sitja stjórnarfundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, nema fundarefni varði hann sjálfan og störf hans hjá fyrirtækinu.

Halda skal gerðabók um fundi stjórnar, og skal heimilt að ráða mann utan stjórnar til þess starfa. Í gerðabók skal þess getið, hvar og hvenær fundur sé haldinn og hverjir sitji hann. Færa skal til bókar frásögn um þau mál, er upp eru borin á fundinum og geta afgreiðslu þeirra. Allir fundarmenn eiga rétt til að fá sérstaklega bókaðar stuttar athugasemdir. Fundargerðir skulu bornar upp í fundarlok og undirritaðar af fundarmönnum. Óski fundarmaður eftir að gera athugasemd við fundargerð, skal hún skráð sérstaklega.

Fundargerð verður eigi breytt eftir að undirskrifuð hefur verið, nema augljós glöpp séu, og telst fullnaðarheimild um afgreiðslu máls.

#### 9. gr.

Stjórn Orkubús Vestfjarða hefur á hendi yfirstjórn á framkvæmdum fyrirtækisins og rekstri.

1. Hún ræður orkubústjóra og gerir við hann skriflegan ráðningasamning.
2. Hún markar heildarstefnu fyrirtækisins og skal gæta hagsmuna þess í hvívetna.
3. Hún setur gjaldskrá.
4. Hún tekur lán til þarfa fyrir fyrirtækið og ábyrgist greiðslur og skuldbindingar fyrir þess hönd.
5. Hún ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða og gefa umsögn um reikninga fyrirtækisins.

Til að skuldbinda fyrirtækið þarf undirskrift meirihluta stjórnar. Þó getur stjórnin veitt færri stjórnarmönnum svo og mönnum utan stjórnar umboð til að skuldbinda fyrirtækið í einstökum ákveðnum tilfellum.

Stjórnin veitir prókúruumboð fyrir fyrirtækið. Orkubústjóri skal hafa slíkt umboð, svo og aðrir þeir, sem stjórn telur rétt að veita það. Stjórnin getur eigi skuldbundið eignaraðila að því er varðar greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er undir á hverju ári, eru minna en 10% af brúttótekjum fyrirtækisins á næstliðnu ári.

#### 10. gr.

Orkubústjóri veitir fyrirtækinu forstöðu og er framkvæmdastjóri þess. Hann skal hafa á hendi framkvæmd stefnu stjórnarinnar. Hann annast daglegan rekstur fyrirtækisins, allar framkvæmdir þess og undirbúning, sjóðvörslu og reikningshald. Hann skal helga fyrirtækinu starfskrafta sína og er óheimilt að taka að sér störf í annarra þágu án samþykkis stjórnar fyrirtækisins. Hann getur falið öðrum framkvæmd tiltekinna verka í umboði sínu í samræmi við þær reglur, er stjórnin kann að setja um slíkt.

Orkubústjóri skal eiga sæti á fundum stjórnar og annast undirbúning þeirra í samráði við stjórnarformann.

Orkubústjóri ræður starfsmenn fyrirtækisins og leysir þá frá störfum. Enginn verður þó fastráðinn án samþykkis stjórnar, né verður sagt upp fastráðnum manni án samþykkis hennar.

#### 11. gr.

Við gerð gjaldskrár skal stjórnin gæta almennra arðsemissjónarmiða. Skal að því stefnt, að fyrirtækið skili nægjanlegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt viðskiptavinum fullnægjandi þjónustu.

Gjaldskrá öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði.

#### 12. gr.

Aðalfundur fyrirtækisins tekur ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs. Orkubússtjóri semur í samráði við formann fyrir hvert reikningsár fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir fyrirtækið og leggur hana fyrir stjórn til samþykktar en stjórnin sendir áætlunina samþykta til eigenda.

#### 13. gr.

Reikningsár fyrirtækisins skal vera almanaksárið.

Reikningar hvers árs skulu gerðir upp og rekstrar- og efnahagsreikningur lagður fyrir stjórn félagsins eigi síðar en 1. apríl ár hvert ásamt umsögn löggilts endurskoðanda.

Endurskoðaðir ársreikningar fyrirtækisins ásamt umsögn endurskoðanda skulu sendir eignaraðilum til athugunar með aðalfundarboði.

**14. gr.**

Aðalfund Orkubús Vestfjarða skal halda fyrir 1. júní ár hvert. Stjórnin boðar til aðalfundar með dagskrá í ábyrgðarbréfi með tveggja vikna fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti fulltrúar sameignaraðila, sem fara með atkvæðisrétt í hlutfalli við eignarhlutdeild umbjóðenda sinna. Fyrir aðalfund skal leggja skrá um skiptingu eignarhlutdeildar sameignaraðila og atkvæðisrétt samkvæmt manntali 1. desember árið áður. Fulltrúar sveitarfélaganna fara með eitt atkvæði fyrir hvern íbúa í hverju viðkomandi sveitarfélagi. Fulltrúi ríkisins fer með atkvæðisrétt sem svarar til 40% heildaratkvæða. Afl atkvæða ræður á aðalfundi.

Á aðalfundi skal fjalla um eftirgreind mál:

1. Skýrsla stjórnar og orkubústjóra.
2. Lagðir skulu fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning eins endurskoðanda, en fjármálaráðherra skal tilnefna annan. Varamenn skal velja með sama hætti.

**II. KAFLI****Um rafveitur.****15. gr.**

Orkubúið selur raforku á orkuveituvæði sínu þar sem veitukerfi þess nær til með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá orkubúsins á hverjum tíma. Raforkan er seld sem ein- og þrífasa riðstraumur með 220, 380 og 440 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má orkubústjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

**16. gr.**

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá Orkubúinu, má tengja við dreifikerfi þess í því skyni, að kerfi Orkubúsins verði aðallega, eða eingöngu, notað til vara, með því skilyrði, að greitt sé lágmarks árgjald, er svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á Orkubúinu vegna tengingarinnar. Framsal til annarra á raforku, sem keypt er af Orkubúinu, er óheimilt án leyfis Orkubúsins.

**17. gr.**

Hver sá, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að sækja um það skriflega og skuldbinda sig með undirskrift sinni að hlíta settum reglum um kaup á raforku. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf og til hvers það er ætlað.

**18. gr.**

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirrituð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá Orkubúsins. Heimtaugar með stofnvari eru eign orkubúsins, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Orkubúið annast viðhald og endurnýjun heimtaugar, án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi.

Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun. Orkubúinu er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og Orkubúið þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er orkubústjóra heimilt að krefjast skuldbind-

ingar umsækjanda um greiðslu kostnaðar. Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

#### 19. gr.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða Orkubúið, ef það tekur slíkt verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvórt heldur er um að ræða nýjar raflagnir, breytingar eða viðgerð á raflögn. Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til orkubúsins um allar raflagnir fyrir hönd húseigenda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagnir á orkuveituvæðinu, en orkubúið annast úttekt á öllum nýlögnum, viðaukum og breytingum á raflögnum. Óheimilt er öðrum en umboðsmönnum Orkubúsins að setja í samband við veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmanni Orkubúsins. Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið. Orkubúið tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Orkubúið áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki dreifikerfi orkubúsins ofviða.

#### 20. gr.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja þeim kröfum, sem settar eru í reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins.

Orkubúsjóri sér um, að eftirlit sé haft með öllum húsveitum, lögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn orkubúsins hafa frjásan aðgang að öllum herbergjum húss hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna. Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflunum á ljósum eða annarri notkun. Sé misbrestur á þessu, eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta. Nú kemur í ljós við skoðun sem framkvæmd er af orkubúinu, Rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja á húsveitu og tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallana á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja. Orkubúsjóri getur látið taka veituna og tæki úr sambandi, meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda. Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar. Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum, eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá, vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

### III. KAFLI

#### Um hitaveitur.

#### 21. gr.

Orkubúið getur ákveðið að selja hitaorku til almenningsþarfa innan orkuveitusvæðis síns með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá Orkubúsins á hverjum tíma. Getur ýmist verið um að ræða jarðvarma-veitu eða fjarhitun, og gilda ákvæði gjaldskrár og reglugerðar eftir því sem við á.

**22. gr.**

Orkubúið lætur leggja allar útilagnir: aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar. Í húsinu leggur Orkubúið lögna inn fyrir hemlagrind. Heimilt er Orkubúinu að setja nánari ákvæði um lögna heimæða í ný byggðahverfi í skilmála þá er fylgja lóðarúthlutun.

Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1. hæðar ef hús er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rúmi fyrir vatnshemla og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfali í gólfi og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum Orkubúsins.

Ef inntak hitaveitu og mælir, eða hemill, eru ekki í sama herbergi skal lögna þar á milli vera óhulín.

Stjórn Orkubúsins getur heimilað einstaklingum og félögum fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn Orkubúsins.

**23. gr.**

Orkubúið hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á lögnum, sem það lætur leggja. Orkubúið getur endurkrafið húseigendur um kostnað vegna tjóns á kerfi eða tækjunum eftir almennum skaðabótareglum.

**24. gr.**

Þeim, sem húseign á við götu eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina. Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, og getur orkubústjóri ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

**25. gr.**

Sú hitaorka, sem Orkubúið lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn við greiningu þá, sem til þess er ætluð. Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild orkubústjóra.

**26. gr.**

Orkubúinu er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss, svo og þéttivatn, ef um jarðgufuveitu er að ræða.

Ef Orkubúið óskar ekki eftir að nota slíkt afrennslisvatn skal húseigandi sjá um að leiða það í frárennsliskerfi hússins og má hitastig þess þá ekki vera hærra en 45° C.

**27. gr.**

Áður en ný kerfi eru lögð eða eldri kerfum breytt, skal húseigandi með minnst 7 daga fyrirvara senda umsókn um það til orkubústjóra eða umboðsmanns hans.

Umsókn skal rituð á eyðublað, sem skrifstofa Orkubúsins lætur í té, og skal hún undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt þeim, sem verkið á að annast. Umsókn á að fylgja uppdráttur af lögninni í þríriti.

**28. gr.**

Uppdráttur skal gerður af sérmenntuðum verkfræðingi eða tæknifræðingi. Ber hann ábyrgð á því, að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur og lög, er gilda um byggingarmál.

Stjórn Orkubúsins getur heimilað öðrum aðilum að gera uppdrátti með sömu skilmálum. Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir, áður en bygging húss er hafin.

**29. gr.**

Uppdrættir skulu vera skýrir og greinilegir og gerðir á haldgóðan pappír og þannig frá gengið, að ekki máist drættir eða lestur við geymslu. Stærð þeirra skal vera skv. íslenskum staðli ÍST 1, þó ekki stærri en A 1. Uppdrættir eiga að sýna allar lagnir, raufar og göt í steypu fyrir slíkar lagnir og allt fyrirkomulag í hitunarherbergi. Nota skal tákn skv. íslenskum staðli ÍST 64.

Ef orkubústjóri telur ástæðu til, getur hann krafist þess, að útreikningar verði lagðir fram.

**30. gr.**

Ef uppdraettir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur orkubústjóri krafist þess, að þeir séu gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húsegandi allan kostnað af því.

**31. gr.**

Þegar orkubústjóri hefur samþykkt uppdrátt, skal hann árita 3 eintök hans, eitt eintak skal varðveita í skjalasafni viðkomandi sveitarfélags, annað í skjalasafni Orkubúsins, en hið þriðja skal afhenda umsækjanda.

Sá, er verkið á að vinna, skal áður en hann hefst handa, rita nafn sitt á þau eintök, er verða varðveitt skjalasöfnunum.

Áritaður uppdráttur skal jafnan vera á vinnustað.

Með áritun tekur orkubústjóri enga ábyrgð á því, að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk eða kerfi sé rétt útreiknað.

**32. gr.**

Orkubústjóri eða eftirlitsmaður hans skal hafa eftirlit með því að nýlagnir, breytingar á eldri lögnum og tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa, samþykktu uppdraetti, og aðrar reglur og lög er gilda um bygg-ingamál.

Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og reynslukyndingu og vera viðstaddur, þegar hitaveitu er hleypt á hitakerfi og skal þá ganga úr skugga um að kerfið hitni jafnt og eðlilega, með mælingum á frárennslshitastigi allra ofna og hitatækja, og nauðsynlegum stillingum, einnig skal tryggja, að stjórnþæki starfi eðlilega.

Áliti eftirlitsmaður að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, eða öðrum reglum er settar kunna að verða getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

**33. gr.**

Eftirlitsmaður orkubústjóra skal jafnan hafa frjálsan aðgang að lögnum, bæði innan húss og utan. Húseganda er skylt að láta honum í té allar þær upplýsingar er máli geta skipt um hitun hússins. Er húseganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir-mælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjar ráðstafanir, til varnar misnotkun.

**34. gr.**

Þar sem hús eru hituð með hitaveituvatni ber húseganda að hafa á hitakerfinu sjálfvirkan loka, sem tryggir, að þrýstingur á húskerfinu verði ekki of mikill, og að nýting vatnsins verði nægjanleg.

Á öllum hitakerfum tengdum hitaveitu skulu vera þrýstímælar og öryggis-loki samkvæmt fyrir-mælum orkubústjóra. Ekki þarf þó öryggisloka, ef hitakerfi hefur síopna útrás um yfirfall (slaufu) og rennsli er stýrt á innrennsli eingöngu.

Á hitakerfum, tengdum einföldu dreifikerfi hitaveitu, skal nota sjálfvirka loka

á afrennsli, sem halda hæfilegum þrýstingi á hitakerfinu skv. nánari fyrirmælum orkubústjóra.

Heimilt er einnig að leiða afrennsli upp fyrir efstu ofna kerfisins í sérstakri afrennslispípu (slaufu), og sé á efsta hluta hennar þensluker, hæfilega stórt að dómi orkubústjóra. Skal það tengt frárennsliskerfi hússins með yfirfallspípu úr zinkhúðuðu efni eða öðru jafngóðu, sem myndi vatnslás við kerfið. Frá þenslukerum skal vera loftpípa lögð út úr húsi.

#### IV. KAFLI

##### Ýmis ákvæði.

###### 35. gr.

Um rétt manna til að annast raf- og hitalagnir fer eftir lögum um iðju og iðn- að. Þeir, sem lagnir framkvæma, bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, og samþykktu uppdraetti, svo og nánari fyrirmæli, er sett kunna að verða.

Ef skipt er um ábyrgðarmenn, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt orku- bústjóra skriflega og lætur hann þá fara fram úttekt á þeim hluta verks, sem lokið er.

Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum fyrr en annar aðili með fullum starfsréttindum hefur tekið við verkinu.

Stjórn Orkubús Vestfjarða getur ákveðið að orkubústjóri gefi út sérstök leyfi til handa þeim rafverktökum, sem starfa á orkubússvæðinu. Leyfi þessi séu háð sér- stökum skilyrðum og skilmálum, sem orkubústjórn setur.

Hafa þá engir aðrir heimild til rafverktakastarfsemi á orkubússvæðinu.

Orkubústjóri getur áskilið, að þeir einir megi annast suðuvinnu á pípum skv. reglugerð þessari, er staðist hafa sérstakt hæfnispróf í logsuðu og eða rafsúðu.

Engir aðrir, en þeir, sem full réttindi hafa, mega taka að sér lagnir eða breyt- ingar á hitakerfum sem tengjast eiga dreifikerfi hitaveitunnar.

Nú brýtur iðnmeistari í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða aðrar reglur, sem honum ber að hlíta í starfi sínu, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, og getur þá orkubústjóri veitt honum áminningu. Enn fremur getur orkubústjórn samþykkt, að hann fái ekki að annast orkulagnir ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

###### 36. gr.

Réttur húseiganda til afnota af hitaorku skuldbindur ekki Orkubúíð til þess að tryggja að þrýstingur í dreifiað sé ávallt nægilegur.

###### 37. gr.

Orkubúíð ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á veitukerfi þess vegna frosta, náttúruhamfara eða annarra óvið- ráðanlegra atvika.

Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað, eða straumur rofinn um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra aðgerða veitunnar sjálfrar.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds og orkuveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns eða vatns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Orkubúíð áskilur sér rétt til þess að loka fyrir orku vegna viðgerða og við-



halds eða eftirlits á helgidögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst og að nóttu til í maí—júli, svo og endranær þegar þörf krefur.

Meðan verið er að leggja heimtaugar, heimæðar eða götulagnir, er orkuveitunni heimilt að stöðva orkuafhendingu á því svæði, sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar. Komi það fyrir að takmarka þurfi notkun á raf- eða hitaorku um langan tíma, ákveður orkubústjórn eftir tillögum orkubústjóra, hvar notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur Orkubúinu þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust. Notendur, sem greiða orku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá 1/300 hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa orku vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri stöðvun en tveggja sólarhringa.

### 38. gr.

Orkubústjóri ákveður stærð og gerð mælitækja sem nota skal. Þau eru í eigu og umsjá orkubúsins/veitunnar og ber húseiganda að tilkynna tafarlaust, ef vart verður bilana á þeim.

Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun, sama gildir, ef vatnshemill eyðileggst af völdum frosta.

Verði uppvíst að orka er notuð á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal Orkubúið áætla þá orku, sem notuð hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hana þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er, nema þyngri refsing liggja við að lögum. Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun veitunnar má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru, sé um rafmagnsnotkun að ræða. Tilsvarandi regla gildir um hitaorku.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerst.

Ef maður rýfur innsigli mælis varðar það refsingu skv. almennum hegningarlögum. Notandi mælisins er sá, sem skráður er fyrir orkunotkun þess kerfis, sem mælirinn er fyrir, skal hann bera ábyrgð á mælinum svo og orkunotkun kerfisins þar til hann lætur af notkun hans og hefur sagt orkunotkun upp eða tilkynnt flutning. Uppsögn eða flutning skal tilkynna viðurkenndum umboðsmönnum með hálfmánaðar fyrirvara.

Ef notandi óskar að mælir sé leiðréttur, skal hann senda skriflega beiðni til Orkubúsins. Ef þá kemur í ljós við athugun mælis að mesta skekkja sé  $\pm 5\%$  eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal Orkubúið bera kostnað við prófunina og lækka reikning notanda í samræmi við niðurstöðu hennar, ef notandi fékk minni orku, en um var samið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 2 mánuði.

Notendur sem hafa hemil eða rofa eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en Orkubúinu er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið. Ef hemill notandans brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla að of mikið sé lagt á hann að staðaldri hefur Orkubúið rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð.

Ef notandi hefur aukna orkunotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er Orkubúinu ekki skylt að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.

Ef svo reynist að notkun hefur orðið meiri en aflestur sýnir eða aflestur verður skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni áskilur Orkubúið sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

Nánari ákvæði um endurgreiðslu má setja í gjaldskrá.

### 39. gr.

Nú er tengingu heimæðar eða heimaugar lokið og er þá heimæðagjald eða heimaugagjald gjaldkræft. Neyslugjöld verða krafín skv. ákvæðum gjaldskrár. Þau eru lögtakskræf.

Gjalddagi orkugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu ber gjaldanda að greiða hann, þar sem Orkubúið ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu orkugjalds getur Orkubúið krafist tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef orkunotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað orkunnar um mælitækið, er Orkubúinu heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er Orkubúinu heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

Orkubúið hefur rétt til að loka fyrir orku að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða orkugjöld. Heimilt er að loka orku að húsi, sem vangreitt er af.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Ef notandi orku óskar eftir að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald samkvæmt gjaldskrá fyrir endurofnun veitunnar, svo og taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun. Enginn má framkvæma endurtengingu veitu nema þeir, sem Orkubúið hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna óleyfilega orkunotkun.

Sá, sem vanskilum veldur, greiðir allan kostnað af lokun og opnun á ný, samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

### 40. gr.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár Orkubúsins og breytingum þeim sem orkubústjórn samþykkir og ráðherra staðfestir. Verði ágreiningur milli orkubústjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir orkunotkun, getur notandi krafist þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð orkubústjórnar.

### 41. gr.

Alls staðar þar sem Orkubúið yfirtekur orkusölu öðlast það jafnframt þau réttindi, sem fyrri orkusali átti á hendur orkukaupanda og tekur jafnframt á sig skyldur orkusalans.

### 42. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 500 000 krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem orkubústjóri hefur fyrirskipað, samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er orkubústjóra þá heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði orkuveitunnar en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki ef þörf krefur, sbr. 76. gr. Orkulaga nr. 58 29. apríl 1967.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum um Orkubú Vestfjarða nr. 66 31. maí 1976, Vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 er hér með staðfest til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglugerðir Rafveitu Ísafjarðar nr. 230 1973 og Rafveitu Patrekshrepps nr. 71, 1972.

*Iðnaðarráðuneytið, 10. maí 1978.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Páll Flygenring.*

## G J A L D S K R Á

### Orkubús Vestfjarða.

Orkubú Vestfjarða selur raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### Orku- og aflverð fastagjöld.

##### A. Lýsing.

1.1. Fast gjald .....	kr.	710.00 á mán.
Orkugjald .....	—	90.40 á kWst.
1.2. Fast gjald .....	—	710.00 á mán.
Flatarmálgjald .....	skv.	skýringu.
Orkugjald .....	—	48.70 á kWst.
1.3. Útilýsing:		
Fast gjald .....	—	710.00 á mán.
Orkugjald .....	—	24.00 á kWst.
1.4. Útilýsing:		
Fast gjald .....	—	710.00 á mán.
Fastagjald á ljósker .....	—	6 × 710.00 á mán.
Orkugjald .....	—	11.30 á kWst.
1.5. Húsbyggingar:		
Fast gjald .....	—	710.00 á mán.
Orkugjald .....	—	37.20 á kWst.

##### B. Heimili.

2.1. Fast gjald .....	kr.	1 200.00 á mán.
Orkugjald .....	—	23.50 á kWst.
2.2. Notkun til búrekstrar o. fl. í dreifbýli.		
Markmæling:		
Aflgjald, lágmark 4kW .....	—	123 600.00 á ári
Aflgjald umfram 4kW að hámarki 20 kW .....	—	16 800.00/kW á ári
Orkugjald af allri notkun .....	—	3.20 á kWst.
Orkugjald umfram aflstillingu .....	—	23.50 á kWst.

##### C. Vélanotkun o. fl.

3.1. Fast gjald .....	kr.	710.00 á mán.
Flatarmálgjald .....	skv.	skýringu.
Orkugjald .....	—	48.70 á kWst.